

Listasafn Reykjavíkur 28. september

STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDAMENN

Allir velkomnir!

Rannís stendur í þriðja sinn fyrir Vísindavöku – stefnumóti við vísindamenn, föstudaginn 28. september. Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu.

Vísindavakan verður haldin í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu og stendur frá kl. 17.00-21.00. Á vökunni verður fróðleikur á hverjum fermetra og kjörið fyrir alla að líta við, bæði unga og aldna og alla þar á milli.

**Vísindakaffi á kaffistofu Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi
24. – 27. september kl. 20:00 – 21.30**

Mánudagur 24. september

Fá náttfragnar og morgunhanar sér hænuþlund eða krú yfir miðjan daginn?

Öll þekkjum við ótrúlega sterka svefnþörf, en af hverju sofum við og hvaða áhrif hefur svefn á líkamlega og andlega heilsu okkar?

Dr. Karl Ægir Karlsson hjá Háskólanum í Reykjavík og Björg Þorleifsdóttir hjá Háskóla Íslands, sem um árabil hafa starfað við rannsóknir á svefni ræða málið.

Þriðjudagur 25. september

Hvað kostar hamingjan? Efnisleg gæði og lífshamingjan.

Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hjá Hagfræðideild Háskóla Íslands og dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ætla að ræða málið.

Miðvikudagur 26. september

Skiptir stærðin máli?

Hversu mikilvæg er örtækni fyrir framþróun á sviði tækni, heilsu og gervimeðvitundar?

Dr. Sveinn Ólafsson og dr. Már Músson frá Háskóla Íslands ætla að ræða málið.

Fimmtudagur 27. september

Glæpon eða góðmenni – hvaða áhrif hafa samfélagslegar aðstæður á tíðni afbrota í þjóðfélaginu?

Dr. Jón Gunnar Bernburg hjá Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og Jón Óttar Ólafsson hjá ríkislögreglustjóra ræða málið.

Vísindavaka - Stefnumót við vísindafólk?

Föstudagurinn 28. september

RANNÍS efnir til **Vísindavöku – stefnumót við vísindafólk!** sem haldin verður í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi kl. 17:00 til 21:00, föstudaginn 28. september.

Föstudagurinn 28. september 2007 er tileinkaður evrópsku vísindafólki. Af því tilefni verða haldnar ýmis konar Vísindavökur í yfir 30 borgum í Evrópu. Markmiðið með þessum atburðum að kynna fyrir almenningi fólkið á bak við rannsóknirnar – vísindafólkið sjálft og verk þess, draga fram mikilvægi rannsókna- og þróunar í nútímasamfélagi og beina sjónum ungs fólks að þeim möguleikum sem liggja í starfsframa í vísindum. Börn eru sérstaklega velkomin í Vísindaveröld Fjölskyldu- og húsdýragarðsins sem verður með útibú á Vísindavökunni.

Á Vísindavökunni mun vísindafólk frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum kynna yfir 50 rannsóknarverkefni sem þeir vinna. Gestir fá að skoða og prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknirnar, skoða hinar ýmsu afurðir rannsókna og spjalla við vísindafólkið um starfið í vísindum og nýsköpun. Ópið hús og allir velkomnir.

Fulltrúar frá Vísindahátíðinni í Perugia á Ítalíu munu heimsækja Vísindavöku og sýna StærðfræðiBolta og Ofurvísindi, hvernig vísindin virka í sögum um ofurhetjur.

Vísindavaka – dagskrá

Ávarp

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra

Verðlaunaafhendingar

Teiknisamkeppni barna 9-11 ára, **“hvernig hafa vísindin áhrif á daglegt líf mitt”**

Verðlaun veitt fyrir framlag til Vísindamiðlunar

Sýnendur og viðfangsefni:

- Stjörnu-Oddi hf. - **Hlustað á fiska!**
- Össur hf. - **Verkjameðferð án lyfja**
- Hjartavernd - **Frumkvölðastarf Hjartaverndar með notkun myndgreiningar í faraldsfræði**
- ReykjavíkurAkademían - **Ísland og ímyndir norðursins**
- MIRRA-Miðstöð innflytjendarannsókna ReykjavíkurAkademíunni - **Innflytjendur, mannauður, íslenskt samfélag**
- ORF Líftækni - **ORF Líftækni - græn smiðja fyrir framtíðina**
- Hexia.net - **Lestu fyrir mig**
- Hafrannsóknastofnun - **Veiðarfæri og atferli fiska**
- Orkustofnun - **Bræðsluboranir á Skaftárkötlum í Vatnajökli**
- Náttúrufræðistofnun - **Njósnað um ferðir fugla**
- Actavis - **Lyf: þróun, greining, framleiðsla**
- Veðurstofa Íslands - **Veður - Jörð - Vöktun**
- Háskólinn á Akureyri - **Gæði úr náttúrunni**
- Háskólinn í Reykjavík - **Með vísindi á heilanum**
- MATÍS - **Okkar vísindi - allra hagar**

- Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri - RHA – á mörkum mannlífs og náttúru
- Stoð stoðtækjasmíði hf. - **Fröð skref í spelkusmíði, Q-Steps**
- Landbúnaðarháskóli Íslands - **Af hverju þarf að rannsaka jarðveg? Er þetta ekki bara mold?**
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands - **Hátækni á sviði steinsteypu og smíði frumgerða**
- Marel - **Hátækni í matvælaframleiðslu**
- Kíne ehf. - **Hreyfigreining með myndbandsupptöku og þráðlausu vöðvarafriti**
- Íslenskar orkurannsóknir - **Jarðhitarannsóknir og ráðgjöf**
- H.Í. Félagsvísindi – Sálfræði - **Sjónskynjun**
- H.Í. Raunvísindi – Jarðvísindastofnun - **Skjálftar og Steinar**
- H.Í. Félagsvísindi – Mannfræði - **Baráttan gegn Alnæmi í Malawi**
- H.Í. Félagsvísindi, Rannsóknasetur um barna- og fjölskylduvernd - **Barnaverndarstörf**
- H.Í. Raunvísindi, Rannsóknastofa í næringarfræði - **Næring og lífsgæði**
- H.Í. Félagsvísindi, Mannfræði - **Mannfræði er margvísleg**
- H.Í. Verkfræði - **Dreifing efna í stöðuvötum**
- H.Í. Hugvísindi, Japanska - **Undraveröld Japans**
- H.Í. Hugvísindi - **Icelandic Online**
- Vísindavefurinn - **Vísindavefur H.Í.**
- H.Í. Lögfræði - **Lögfræðiaðstoð ORATORS**
- H.Í. Félagsvísindi, Þjóðfræði - **Þjóðtrú og Menningararfur**
- H.Í. Hugvísindi, Asíufræði - **Kína**
- Stofnun Árna Magnússonar - **Íslenskt mál**
- H.Í. Verkfræði - **Legóvélmenni**
- H.Í. Háskóli Unga Fólksins - **Viltu vita meira?**
- H.Í. Raunvísindi, sjávarlíffræði - **Haf og straumar**
- H.Í. Evrópukeppnin ungir vísindamenn **Hálkuvari**
- Kennaraháskóli Íslands - **Vilji og veruleiki - Rannsókn á náttúrufræðinámi í grunn- og framhaldsskólum**
- Kennaraháskóli Íslands - **Nýsköpunarmennt í íslenskum skólum**
- Kennaraháskóli Íslands - **Lífstíll 7-9 ára barna**
- Kennaraháskóli Íslands - **Rannsóknir á menntun ungra barna**
- Kennaraháskóli Íslands - **Fjölmennning á Íslandi - Handbók í fjölmennningarfræðum**

Og sérstaklega fyrir káta krakka:

- Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn - **Stjörnufræði og stjörnuskoðun**